

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 27. mars 2025
Tilvísun: 2502613

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Kaldvík hf. - Berufjörður	Kennitala: 520412-0930
Heimilisfang: Strandgötu 18, 735 Eskifjörður	Leyfisnr: FE-1138
Stöðvarstjóri: Ísak Örn Guðmundsson	Dags.: 11.03.2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Nei	Óbodað eftirlit : Nei
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Já	Tegund eftirlit: eftirfylgni

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Berglind Helga Bergsdóttir og Wija Ariyani, sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma, fóru í eftirlit á eldissvæði í Svarthamarsvík í Berufirði þann 11. mars 2025. Viðstaddur eftirlit var Ísak Örn Guðmundsson, svæðisstjóri í Berufirði.

Ákveðið var að fara í eftirfylgni vegna frávika sem gerð voru í eftirliti í Berufirði þann 20. febrúar 2025.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Alvarlegt frávik og frávik sem skráð voru í eftirliti þann 20. febrúar höfðu verið lagfærð á degi eftirfylgniskoðunar.

Smitvarnir

- Búningsaðstaða snyrtileg og skil á milli óhreins og hreins hlífðarfatnaðs.
- Sótthreinsimottur komnar við inngang búningsaðstöðu
- Sótthreinsikassi fyrir háfa til að sótthreinsa milli kvía.

Umhirða eldisfiska

- Við eftirfylgni var mikil áhersla lögð á fjarlægingu sveimara og illa særða fiska úr eldiskvíum og var árangur fjarlægingar viðunandi. Aflífun sveimara var jafnframt án athugasemda.

- Á umbeðnum gögnum um förgun og aflífun sveimara frá Kaldvík sést að úrbætur voru gerðar um leið og eftirlitsskýrsla barst fyrirtækinu þann 26. febrúar sl.
- Fjárfest hefur verið í búnaði til að fjarlægja sveimara („Sweep net“ og „VØA- hring“) fyrir hvert framleiðslusvæði (fjörð).
- Verklag vegna fjarlægingu sveimara hefur verið uppfært með markmiði að tryggja skilvirka söfnun sveimara.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.** Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Ni Nyoman Wija Ariyani,
Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma



Berglind Helga Bergsdóttir,
Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma